



F.O.S. Vest.

FÉLAG OPINBERRA STARFSMANNA VESTFJÖRÐUM,
PÓSTHÓLF 391, 400 ÍSAFJÖRÐUR

Alþingi

Erindi nr. P 120/1381

komudagur 12/4 1996


Nefndardeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Ísafirði 9.apríl 1996.

Stjórn Félags opinberra starfsmanna á vestfjörðum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, 415.mál.

Stjórn F.O.S. Vest krefst þess að frumvarp þetta verði dregið til baka. Bættar samskiptareglur á vinnumarkaði verða ekki framkvæmdar með lögþvingunum þvert á vilja samtaka launafólks. Markmiðum um bætt vinnubrögð við kjarasamninga er aðeins unnt að ná fram að því tilskildu að sátt ríki um verklagsreglur. Til viðbótar framanrituðu, vill stjórn F.O.S. Vest. vísa til umsagnar BSRB um frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur og lýsa fullum stuðningi við hana.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar F.O.S. Vest.


Þorbjörn J. Sveinsson, formaður.